

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. september 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um samvinnu heilsugæslustöðva í Reykjavíkurlæknishéraði og um kjör fulltrúa starfsmanna í stjórnir þeirra.

1. gr.

Formenn stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík, ásamt héraðslækni, mynda samstarfsráð heilsugæslustöðva í Reykjavík. Samstarfsráðið skiptir með sér verkum.

Hlutverk ráðsins er að annast yfirstjórn skrifstofu heilsugæslustöðva í Reykjavík, ráðningu sameiginlegs framkvæmdastjóra stöðvanna svo og annars starfsfólks skrifstofunnar.

Samstarfsráð gerir tillögur til heilbrigðismálaráðs og ráðherra um samræmingu þjónustu heilsugæslustöðvanna, þ. á m. um þá þjónustu, sem ekki er talið nauðsynlegt að veita á öllum stöðvum, heldur á einni eða fleiri stöðvum, og hvar henni skuli þá komið fyrir. Samstarfsráð gerir með sama hætti tillögur um skipan vaktþjónustu heilsugæslustöðvanna.

2. gr.

Rekin skal ein sameiginleg skrifstofa fyrir heilsugæslustöðvar í Reykjavík, er annist fjármál og daglegan rekstur stöðvanna, undir stjórn framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til framkvæmdastjóra sjúkrahúsa, sbr. 29. og 30. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

3. gr.

Starfsmannaráð skal starfa við hverja heilsugæslustöð í Reykjavík og gildir um kjörgengi, kosningu og störf þeirra reglugerð nr. 413/1973, um starfsmannaráð sjúkrahúsa.

Starfsmannaráð heilsugæslustöðva hvers heilsugæsluumdæmis í Reykjavík kjósa einn aðalfulltrúa og einn til vara í stjórn heilsugæslustöðva hlutaðeigandi umdæmis. Framkvæmdastjóri sbr. 2. gr., sér um að kosningar í starfsmannaráð og kjör fulltrúa í stjórnir heilsugæslustöðva fari fram.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 75/1990, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heilsuverndarstarf í Reykjavík, skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1991. Stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur gerir í samráði við stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurlæknishéraði (samstarfsráð heilsugæslustöðvanna), tillögur um framtíðarhlutverk stöðvarinnar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu og í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík. Skipulag þessa efnis skal koma til framkvæmdar frá 1. janúar 1992. Meðan stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur starfar skal formaður hennar sitja í samstarfsráði skv. 1. gr. með sömu réttindi og aðrir fulltrúar.
2. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. koma til framkvæmdar þegar skipaðar verða stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík eftir sveitarstjórnarkosningar 1994, en aðalfulltrúi og varafulltrúi starfsmanna hefur þegar verið valinn í núsitjandi stjórn.
3. Samstarfsráð Heilsugæslustöðva í Reykjavík aðstoðar við tilflutning starfsmanna heilsugæslunnar í Reykjavík, sem skal að fullu lokið fyrir árslok 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. september 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.